

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga nr. 387 27. desember 1973, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 92,76 á mánuði fyrir hvern aðalhemil og kr. 139,08 á mánuði fyrir hvern mæli.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald kr. 185,40 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils og kr. 8,52 fyrir hvert tonn um mæli.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 437/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 75,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 222,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.
- c) Vatnsgjald um rennismæli kr. 10,95 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 437/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973, með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald kr. 85,25 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils og fastagjald kr. 46,60 fyrir hvern mánuð á notanda. Þeir notendur er greiða mælaleigu skv. 8. gr. greiða ekki fastagjald.